

Upplýsingar um styrkveitingar Kvikmyndasjóðs á grundvelli tímabundins fjárfestingarátaks - leiðbeiningar og skýringar um meðferð og mat umsókna

UM EFNI ÞESSA SKJALS:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur veitt aukalega 120 m.kr. í Kvikmyndasjóð til að mæta þeim fjárhagslegu áföllum sem listir og skapandi greinar verða fyrir vegna Covid-19 faraldursins og efla þar með fjárfestingu til framtíðar.

Stuðningurinn byggir á þingsályktun um fjárfestingarátak stjórnvalda til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru, sem samþykkt var á Alþingi þann 30. mars sl.

Hér á eftir eru settar fram skýringar á þeim reglum sem gilda um úthlutun þessara fjármuna, mat á umsóknum og leiðbeiningar fyrir umsækjendur.

GRUNDVÖLLUR SÉRSTAKRA STYRKVEITINGA OG REGLUR UM FRAMKVÆMD ÞEIRRA:

Um er að ræða tímabundið fjárfestingarátak á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 30. mars, þar sem markmiðið er að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Þá tiltekur mennta- og menningarmálaráðuneytið sérstakar áherslur og kröfur sem gilda um þessar styrkveitingar

Fjárveitingin rennur í Kvikmyndasjóð og um styrkveitingar gilda almennar úthlutunarreglur sjóðsins, sem settar eru fram í lögum og reglugerð um sjóðinn. Þ.e. styrkveitingar þurfa að falla að almennum starfsreglum sjóðsins.

Hlekkur á þingsályktun:

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1203.html>

Hlekkur á frétt af vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins:

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/21/Uthlutun-menningarstyrkja-hefst/>

Hlekkur á kvikmyndalög nr. 137/2001:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2001137.html>

Hlekkur á reglugerð nr. 1349/2018:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/3366>

SAMANTEKT:

1. Hægt er að sækja um styrki á grundvelli fjárfestingarátaks vegna verkefna sem hefjast ekki síðar en 1. september 2020 og lýkur ekki síðar en 1. apríl 2021.
2. Umsóknarfrestur er til 10. maí 2020 og gert er ráð fyrir úthlutun 1. júní
3. Hægt verður að sækja um þrjá styrkjaflokka: Sérstakra þróunar-, framleiðslu- og kynningarstyrki.
4. Sömu kröfur gilda til umsókna og almennra umsókna um sömu styrkjaflokka hjá Kvikmyndasjóði.
5. Sótt eru um styrkina á heimasíðu KMÍ: <https://umsokn.kvikmyndamidstod.is/>
6. Styrktum verkefnum er ætlað að veða á mótí samdrætti vegna kórónufaraldursins og við mat umsókna verður tekið tillit til sköpun atvinnutækifæra og verðmæta með ráðstöfun styrkfjár.

UPPLÝSINGAR UM KRÖFUR TIL UMSÓKNA OG MÁLSMEÐFERÐ

A. Almenn um sérstaka úthlutun styrkja á grunni fjárfestingarátaks

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur veitt 120 m.kr. aukalega í Kvikmyndasjóð með það að markmiði að vinna gegn samdrætti í kvikmyndagerð og efla þar með fjárfestingu til framtíðar.

Þetta viðbótarfjármagn verður sérgreint frá öðrum styrkjum Kvikmyndasjóðs og kemur til viðbótar venjubundnum styrkveitingum.

Um styrki á grundvelli þessa átaksverkefnis hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið sett eftirfarandi skilyrði:

- Verkefnið hefjist eigi síðar en 1. september 2020 og verði lokið fyrir 1. apríl 2021.
- Um sé að ræða átaksverkefni sem styðji við fjölbreytta starfsemi á sviði lista og menningar með áherslu á sköpun og virka þátttöku listamanna í menningarlífi landsmanna.
- Verkefnið uppfylli grunnmarkmið fjárfestingarátaksins um að styðja við eftirspurn og atvinnu til skamms tíma með arðbærum verkefnum.
- Sýnt sé fram á gildi verkefnis og mikilvægi þess fyrir landsmenn.
- Styrkveiting sé til undirbúnings, þróunar og framkvæmd verkefnis.
- Ítarlegar upplýsingar liggi fyrir um verkefnið, auk tímaáætlunar þess.
- Ekki verða veittir styrkir til þeirra sem njóta listamannalauna í 6 mánuði eða meira árið 2020.

Almennar úthlutunarreglur Kvikmyndasjóðs gilda um málsmeðferð og úthlutanir þessara sérstöku styrkja.

B. Styrkjaflokkar sem falla undir fjárfestingarátakið

Þeim fjármunum sem varið er til þessa sérstaka átaksverkefnis verður varið til þriggja styrktarflokka: sérstakir þróunarstyrkir, framleiðslustyrkir og kynningarstyrkir.

I. Þróunarstyrkur - átaksverkefni

Sérstakir þróunarstyrkir verða veittir sem mótvægi við þeirri óvissu sem ríkir um fjármögnun og framleiðslu kvikmynda. Áhersla verður lögð á að styrkja verkefni þar sem framleiðendur, höfundar og leikstjórar koma að verkefnum við að fullvinna undirbúning kvikmynda sem munu fara í framleiðslu síðar.

a. Leikið efni (Leiknar kvikmyndir og sjónvarpsefni)

Dæmi um verkþætti sem falla hér undir væri teymisvinna lykilstarfsmana, s.s. höfunda, leikstjóra, framleiðanda, yfirmanna deilda, svo sem tókumaður, leikmynd, búningar, förðun, gervi, brellur, tónskáld, hljóð, leikaraval (casting) og leikarar, story board/video story board, tókustaðaleit, gerð kynningarstiklu, samningagerð og frekari fjármögnun.

Það skilyrði er sett að fyrir liggi mótað handrit að verkinu, sem kynni þó að verða þróað frekar í samstarfi lykilstarfsmana sem hluta þróunarvinnu.

Viðmiðunarfjárhæð sérstakra þróunarstyrkja leikins efnis styrkja er 10 m.kr.

b. Heimildamyndir

Dæmi um verkþætti sem falla hér undir eru þróun sögu/viðfangsefnis fyrir kvikmynd. Myndræn útfærsla í samvinnu leikstjóra, framleiðanda, höfundar, (og annarra svo sem sérfræðinga á sviði efnisins), tókumanns, tónskálds, hljóð, framleiðsla á sjónrænu efni, svo sem gerð kynningarstiklu. Viðmiðunarfrjárhæð sérstakra þróunarstyrkja heimildamynda er allt að 5 m.kr.

II. Framleiðslustyrkur - átaksverkefni

Framleiðslustyrki er heimilt að veita til verkefna þar sem framleiðsla hefst fyrir 1. september 2020 og verður lokið fyrir 1. apríl 2021. Þá verður einkum litið til innlendra ódýrari leikinna mynda eða tilraunaverkefna sem eiga kost að falla að þeim tímaramma sem gildir.

Skila þarf sambærilegum gögnum og við umsókn um framleiðslustyrk auk greinargerðar þar sem fram kemur ítarleg framleiðsla og framkvæmdaáætlun og hvernig ná skal til skilgreinds áhorfendahóps.

III. Kynningarstyrkur - átaksverkefni

Veittir verða sérstakir kynningar- og markaðsstyrkir til sýninga á íslenskum myndum eða kvikmyndaviðburðum í kvikmyndahúsum innanlands.

Skilyrði að framleiðslu myndar sé lokið og fyrir liggja áætlun um kynningu. Lögð er áhersla á að koma til móts við framleiðendur sem hafa þurft að fresta sýningum í innlendum kvikmyndahúsum vegna kórónafaraldursins.

C. Mat á verkefnum og umsóknum í þessu átaksverkefni

Styrkjum í þessu átaksverkefni er ætlað að vega á móti efnahagslegum samdrætti í atvinnugreininni vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Markmið styrkjanna er því að skapa störf og verðmæti í greininni.

Við mat umsókna verður m.a. litið til fjölda listrænna lykilstarfsmanna sem kemur að vinnu við verkefni sem sækir um styrk. Umsækjendur eru hvattir til að huga að jafnri stöðu kynja í umsóknum. Umsóknum um myndir sem höfða til barna og unglinga verður jafnframt forgangsraðað.

Af þeim ástæðum er í þessum styrkjaflokki gerð krafa um að skila greinargerð um hvernig styrkveitingin nýtist til að skapa störf og vega á móti efnahagssamdrætti. Því þarf að skila eftirfarandi upplýsingum í greinargerð með umsókn:

- Hversu mörg störf verða sköpuð
- Hvernig dreifast störf um landið
- Hvernig skiptast störf milli kynja

D. Móttaka umsókna og umsóknarfrestur

Sótt er um þessa sérstöku átaksstyrki á vefgátt Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, þar sem umsóknarsíður fyrir þessa styrki eru sérstaklega auðkenndar: <https://umsokn.kvikmyndamidstod.is/>

Umsækjendur þurfa að skila inn sérstakri umsókn vegna þessara styrkja fyrir 10. maí nk. Skammur umsóknarfrestur skapast að því að stefnt er að því að úthluta fjármunum þessa átaksverkefnis fyrir 1. júní nk.

E. Umsóknarfrestur, umsóknarferli og ákvörðun um styrkveitingu

Almennar úthlutunarreglur Kvikmyndasjóðs gilda um umsóknir og úthlutun styrkja úr þessum sérstaka átakssjóði.

Skammur tími til meðhöndlunar umsókna eykur einnig mikilvægi þess að fullnægjandi gögnum sé skilað. Umsækjendum er bent á leggja áherslu á ítarlegar greinargerðir sem taka á hvernig umsókn uppfyllir sett skilyrði um styrkveitingar í þessu sérstaka átaksverkefni. Umsóknum þar sem veigamikil gögn vantar eða eru ekki nægjanlega skýr, verður hafnað.

Leiðbeiningar og skýringar:

Umsóknir um sérstaka styrki vegna tímabundins fjárfesingarátaks

Í samræmi við almennar málsmeðferðarreglur Kvikmyndasjóðs verður mat umsókna í höndum kvikmyndaráðgjafa. Forstöðumaður ber ábyrgð á ákvörðun um styrkveitingu sem verður kynnt umsækjanda skriflega. Vegna þröngs tímaramma verður ekki lögð fram skrifleg umsögn ráðgjafa og ekki verður boðið upp á að vísa málinu til annars ráðgjafa.

F. Kröfur til umsækjenda

Sérstakir þróunar-, framleiðslu- og kynningarstyrkir verða einvörðungu veittir til framleiðslufyrirtækja sem hafa kvikmyndagerð að meginstarfi og hafa á að skipa reyndum lykilstarfsmönnum á sviði kvikmyndagerðar.

Þetta er í samræmi við almennar úthlutunarreglur Kvikmyndasjóðs um sömu styrkjaflokka. Þá verða kynningarstyrkir einvörðungu veittir til framleiðslufyrirtækis þeirrar kvikmyndar sem á að koma á framfæri með styrknum.

G. Kæruleið

Hægt er að kæra ákvörðun KMÍ um styrkveitingu til mennta- og menningarmálaráðuneytis í samræmi við almennar reglur sem gilda um styrkveitingar og stjórnsýsluákvæðanir.